



Skóli í Skarðshlíð

Tilfni fundar: Verkfundur	Fundur nr. 12
Fundarstaður: Í vinnubúðum verktaka á verkstað við Hádegisskarð Hafnarfirði	Fundarritun: HÁ
Dagsetning: 1. ágúst 2018	
Tími: 14:15 - 14:55	

Mættir:

Hafnarfjarðarbær

Verkís

Hilmar Ástþórsson

hia@verkis.is 846-0011

Eykt ehf.

Porgeir Margeirsson

toggi@eykt.is 822-4414

Dreifing:

Fundarmenn

Sigurður Haraldsson Hafnarfjarðarbæ

Stefán B. Veturliðason VSB

Ragnar Haraldsson Verkís

Ólafur Ívar Baldvinsson Verkís

Kjartan Mar Eiríksson Verkís

Kristján Björnsson Verkís



Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	Almennt	
1.1	Síðasta fundargerð Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.	
1.2	Umsjón verkkaupa Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu. Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Kristján Björnsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður. KB er farinn í frí og verður til 13. ágúst, Hilmar mun leysa KB af.	
1.3	Umsjón verktaka Staðarstjóri og byggingastjóri: Þorgeir Margeirsson Verkstjórar: Þorgeir Margeirsson Gísli H. Jónsson, gislih@eykt.is, s: 822-4443 Hlynur Gissurarson hlynur@eykt.is s: 822-4418	
1.4	Tryggingar Ekki rætt.	
1.5	Heilbrigði, öryggi og umhverfi Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað. Búið er að girða vinnusvæðið af, opnanir eru á suður og austurhliðum fyrir umferð inn á svæðið, vinnusvæðinu er lokað og læst utan vinnutíma. Alvarlegt slys varð á verkstað þann 23.júlí þegar að sliskja féll á starfsmann. Um var að ræða fjarveruslys þar sem starfsmaður var frá vinnu í þrjá daga.	
1.6	Upphaf og lok framkvæmda Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017 Samningsupphæð er kr. <u>3.979.077.263,-</u> Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.	
1.9	Aðstaða og athafnasvæði verktaka Ekki rætt.	



Nr.	Málefni	Ábyrgur																																																		
1.10	<p>Veitustofnanir</p> <p>Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar hafa unnið að því að koma kaldavatnslögn/heimæð inn í nýbyggingu. Þeim verkþætti er nánast lokið, búið er að leggja lögn að nýbyggingu og eru mælar upp komnir innanhúss, eftir stendur að tengja á milli lagna (innan- og utanhúss).</p> <p>Varanlegur rafstrengur er kominn inní hús.</p>																																																			
1.11	<p>Samstarf við aðra</p> <p>Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:</p> <p>Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Uppsteypa, GR-Verk. Raflagnir, Rafís. Járnbinding, Aflbinding. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmíði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Utanhússklæðningar, Fjarðaverk. Pakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, innréttingar, innihurðir og kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason). Lóðafrágangur, Kristinn Wium. Plöntur í lóð, Jóhann Sigurðsson garðyrkjufraeðingur. Pökulagning, HO torf. Heflun undir malbik, Hefilverk. Malbikun, Hlaðbær - Colas. Gluggaísetningar, ÁP-verk ehf.</p>																																																			
1.13	<p>Vinnutími</p> <p>Vinnutími verktaka er 7:30 - 18:00 virka daga.</p>																																																			
1.15	<p>Verkátun</p> <p>Verktaka hefur verið bætt við í lóðafrágangi til viðbótar þeim sem fyrir var.</p> <p>Verktaki leggur allt kapp á að geta afhent húsnæði til afnota þann 21.ágúst næstkomandi. Verktaki upplýsir um að námskeið barna sem hefjast átti 8.ágúst, verði ekki. Verktaki hafði fengið velyrði fyrir því að hlutaafhending sem fara átti fram 8.ágúst (vegna námskeiðis) ætti sér ekki stað, þess í stað yrði áfangi afhentur í heild sinni 21.ágúst. Verktaki fékk umrætt velyrði frá verkkaupa fyrir um tveimur vikum og var það staðfest á fundi nú í gær.</p>																																																			
1.16	<p>Gæðamál og verklagslýsingar</p> <p>Ekki rætt.</p>																																																			
1.17	<p>Mannafli og tæki</p> <p>Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Stjórnun</th> <th>Húsamíð</th> <th>Rafvirklar</th> <th>Píparar</th> <th>Málarar</th> <th>Blikksmið</th> <th>Dúkarar</th> <th>Verkam</th> <th>Aðrir</th> <th>Alls</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>3</td> <td>18</td> <td>6</td> <td>5</td> <td>5</td> <td>3</td> <td>0</td> <td>26</td> <td>2</td> <td>68</td> </tr> <tr> <td colspan="10">Tæki</td> </tr> <tr> <th>Byggkran</th> <th>Trailerr</th> <th>Valtari</th> <th>Beltavél</th> <th>Hjólavél</th> <th>Bobcat lyft</th> <th>Hefill</th> <td></td> <td></td> <th>Alls</th> </tr> <tr> <td>3</td> <td>2</td> <td>0</td> <td>1</td> <td>3</td> <td>1</td> <td>0</td> <td></td> <td></td> <td>10</td> </tr> </tbody> </table>	Stjórnun	Húsamíð	Rafvirklar	Píparar	Málarar	Blikksmið	Dúkarar	Verkam	Aðrir	Alls	3	18	6	5	5	3	0	26	2	68	Tæki										Byggkran	Trailerr	Valtari	Beltavél	Hjólavél	Bobcat lyft	Hefill			Alls	3	2	0	1	3	1	0			10	
Stjórnun	Húsamíð	Rafvirklar	Píparar	Málarar	Blikksmið	Dúkarar	Verkam	Aðrir	Alls																																											
3	18	6	5	5	3	0	26	2	68																																											
Tæki																																																				
Byggkran	Trailerr	Valtari	Beltavél	Hjólavél	Bobcat lyft	Hefill			Alls																																											
3	2	0	1	3	1	0			10																																											



Nr.	Málefni	Ábyrgur
2	Verktakaverkið	
2.2	<p>Verkstaða - verkáætlun</p> <p>Pó svo að verktaki afhendi verkkaupa húsnæði til afnota þann 21.ágúst, er ráðgert að hlutaskil eigi sér stað næstkomandi þriðjudag (07.08.2018). Þá ráðgerir verktaki af skila af sér ca. 75% af fyrstu hæð húsbýggingar C, þar með er hægt að huga að innflutningi á mublum, þ.e. stólar, borð og annað tilheyrandi.</p> <p>Á tímabilinu 7.-21.ágúst kemur verktaki svo til með að afhenda enn fleiri húshluta til afnota, eftir framvindu.</p> <p>Það er mat verktaka að áfangi 1 verði tilbúinn til afhendingar þann 21.ágúst eins og ráðgert er. Verktaki hefur undanfarið unnið upp tíma og eru verkhlutar almennt séð í góðum farvegi. Það sem einna helst er álitnið flöskuháls er afhending innihurða og uppsetning þeirra, áætlað er að innihurðir verði afhentar á verkstað 7.ágúst og uppsetning þeirra hefjist strax í framhaldinu.</p> <p>Hús C átti að afhenda verkkaupa 30. júní samkvæmt samningi.</p>	
2.3	<p>Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn</p> <p>Ekki rætt</p>	
2.4	<p>Rannsóknir og prófanir</p> <p>Ekki rætt</p>	
2.5	<p>Efnisútvegum og samþykktir</p> <p>Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.</p> <p>Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.</p> <p>Eftirlit vinnur að afgreiðslu útistandandi efnissamþykktar. Yfirfara þarf og leggja áherslu á að afgreiða útistandi efnissamþykktir eins fljótt og nokkur kostur er. Jafnframt mikilvægt að verktaki bregðist við athugasemdum/óskum um frekari gögnum, eftir því sem við á.</p>	HÁ
2.8	<p>Verklag og verkþáttarýni</p> <p>Ekki rætt.</p>	



Nr.	Málefni	Ábyrgur
3	Steypt mannvirki	

3.2 Verkstaða - verkáætlun

Hús A:

Rykbindingu lofta er lokið, þá er búið að pappaleggja þak og er vinna við einangrun þakflatar hafin. Gluggaísetning er sömuleiðis hafin.

Hús B:

Búið er að pappaleggja og einangra þakflöt, niðurlögn á torfi er hafin. Búið er að rykbinda loft og er unnið að gluggaísetningu og pípulögnum.

Hús C:

Utanhúss: Glugga/hurða ísetningu er lokið. Búið er að þökuleggja þakflöt og þá er einangrun útveggja lokið. Undirkerfi áklæðningar er uppkomið og er unnið að klæðningu utanhúss (lokið ca. 50% að framan og ca.50% að aftan).

Innanhúss:

Gífsveggir: Lokið

Málning: Á 1h. er um 99% lokið og um 99% á 2h.

Raflagnir: Á 1h. er um 95% lokið og um 95% á 2h.

Lagnir: Á 1h. er um 100% lokið og um 100% á 2h.

Loftræsing: Á 1h. er um 90% lokið og um 90% á 2h. Loftræsisamstæða er komin inn í hús og er unnið að uppsetningu hennar.

Gólf: Gólfdukar eru niðurkomnir á bæði 1.- og 2.hæð, eftir stendur gólffrágangur á anddyri annars vegar, þar verður aukið við flísalögn og hins vegar gólffrágangur á eldhúsi á 2.hæð, epoxy.

Innréttingar: Uppsetningu er lokið.

Innihurðir: Áætlað er að innihurðir verði afhentar í 1.viku ágústmánaðar, 7.ágúst.

Hús D: Búið er að steypa plötu yfir 1.hæð.

Hús E : Búið er að steypa sökkla. Verið að undirbúa steypu á botnplötu.

Hús F: Búið er að grafa laust efni ofan af klöpp og byrjað að fylla undir sökkla.

Lóðarfrágangur:

Malbik: Undirbúningur undir malbik framan við skólabyggingu og á snúningsstæði er á lokastigi.

Torf: Undirbúningur/jöfnun undir torf á bílastæði að ofanverðu og í manir er nánast lokið.

Leiktæki: Vinna við undirstöður undir leiktæki er langt komin.

Gróður: Undirbúningsvinna fyrir plöntur er svo gott sem búin og reiknað með að plöntun/gróðursetning hefjist strax í næstu viku.



Nr.	Málefni	Ábyrgur
	<p>Áætlun næstu tvær vikur:</p> <p>Hús A: Einangra og tyrfa þakflöt og stefnt að því að klára gluggaísetningu.</p> <p>Hús B: Klára gluggaísetningu og vinna áfram að uppsetningu lagna.</p> <p>Hús C: Áfram verður unnið í almennum lokafrágangi innanhúss og stefnt að því að ljúka við uppsetningu innihurða. Lokið verði við klæðningu utanhúss að fullu.</p> <p>Hús D: Steypa stiga og veggj 2.hæðar.</p> <p>Hús E: Steypa botnplötu.</p> <p>Hús F: Jarðvinna.</p> <p>Annað: Farið verður í að tyrfa, planta/gróðursetja, uppsetningu á tækjum á leik- og sparkvöllum og niðurlögn snjóbræðslulagna.</p> <p>3.3 Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt</p> <p>3.4 Rannsóknir og prófanir PM hefur sent inn yfirlit yfir þær steypuprófanir sem gerðar hafa verið í verkinu frá 15.11.2017 -15.2.2018. óskað er eftir nýjustu upplýsingum um steypuprófanir. Óbr. frá síðasta fundi.</p>	
4	Rafbúnaður	
4.2	Verkstaða Sjá lið 3.2	
4.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt.	
4.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt.	
5	Lagnir / Loftræsing	
5.2	Verkstaða - verkáætlun Sjá lið 3.2	
5.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	



Nr.	Málefni	Ábyrgur
5.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt	
6	Innri frágangur	
6.2	Verkstaða - verkáætlun Sjá lið 3.2.	
6.3	Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn Ekki rætt	
6.4	Rannsóknir og prófanir Ekki rætt.	

7 Önnur mál

7.1 Magntölur og reikningar

Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuþagg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.

Framvindureikningur nr. 12 er væntanlegur á næstu dögum.

Eftirtaldir reikningar hafa verið greiddir vegna verksins.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	
11	1.7.2018	139,2	247.271.257	14.280.103	261.551.360	



Alls			1.325.554.838		1.383.346.516	

7.2 Auka- og viðbótarverk

Ekki rætt

7.3 Kröfur

Ekki rætt.

7.6 Ýmis önnur mál

Verktaki hefur verið í samskiptum við opinbera aðila vegna þess hluta hússins sem tekin verður í notkun s.s byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið.

Verktaki upplýsir um að ráðgert sé að öryggisúttekt fari fram 17.ágúst.

7.7 Yfirlit yfir formleg gögn milli aðila frá síðasta fundi

Orðsendingar frá verktaka:

Engar.

Orðsendingar frá verkkaupa:

Engar.

Tölvupóstur frá verkkaupa

Engir.

Tölvupóstur frá verktaka

Engir.

Vinnulýsingar verktaka:

Engar.



7.8 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður miðvikudaginn 15. ágúst, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.
eftirlits

f.h.
verkkaupa

Umsjónarmaður

Fulltrúi verkkaupa

Fylgiskjöl: Myndir 4xA4.

Staðfesting á samþykki fundargerðar:

Fyrir verktaka: _____ Dags: _____



Undirbúningur fyrir steypu á botnplötu í húsi D (t.v.). Bíllaplan að ofanverðu malbikað og tilbúið undir niðurlögn á torfi/gróðursetningu (t.h.).



Uppsetning álkæðningar utanhúss vel á veg komin að framanverðu á húsluta C (t.v.) og búið að pappleggja þakflöt á húsluta A (t.h.).



Búið að einangra þakflöt og niðurlögn á torfi hafin á húsluta B (t.v.). Yfirlitsmynd frá þakfleti af húsluta C, búið að steypa plötu yfir 1.hæð í húsluta D og unnið að einangrun og jámbendingu á botnplötu í húsluta E (t.h.).



Yfirlitsmynd yfir lóðarfrágang framan við nýbyggingu. Búið að malbika umhverfis sparkvöll/köruboltavöll. Manir tilbúnar undar torflögn og unnið að undirstöðum fyrir leiktæki.



Búið að rykbinda lofta og unnið að bæði gluggaísetningu og uppsetningu lagna í húshluta B (t.v.). Búið er að rykbinda loft og unnið að gluggaísetningu í húshluta A (t.h.).



Loftræsisamstæða er komin inn í húshluta C og unnið er að uppsetningu hennar (t.v.). Anddyri í húshluta C, eftir stendur að flísaleggja framán við aðalinngang (t.h.).



Á 2.hæð í húsluta C er búið að leggja gólfduík og unnið er að uppsetningu lofta í matsal og ofan við stiga.



Á 1.hæð í húsluta C er unnið að lokafrágangi, búið er að setja upp léttan vegg til lokunar (til bráðabirgðar).